



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Skjalnúmer: 218020157
Skjalasafn Ráðhúss

28. maí 2019

Bréfalýkill: 250

Reykjavík, 24. maí 2019
SFS2019040067
2.5.3
HG/kg/ag

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Tillaga til borgarráðs um hækkun gjaldskrár Tungumálavers haustið 2019-2020:

Lagt er til að sett verði ný gjaldskrá fyrir þjónustu vegna kennslu í norsku og sænsku fyrir önnur sveitarfélög og sjálfstætt rekna grunnskóla í stað- og fjarnámi og hún verði eftirfarandi skólaárið 2019-2020:

Kr. 99.000,- Þóknun fyrir kennslu í netnámi og staðnámi fyrir hvern nemanda. (hækkun frá kr. 66.000)

Kr. 63.000,- Stofngjald fyrir hvern árgang fyrir kennsluráðgjöf við kennara og leiðbeinendur sem hafa umsjón með nemendum í 7./8. bekk. (hækkun frá 42.000)

Kr. 6.300,- Gjald á ári fyrir hvern nemanda hjá kennara eða leiðbeinanda skv. B lið (hækkun frá kr. 4.200)

Eins og fram kemur í greinargerð hafa þau sveitarfélög sem kaupa þjónustu af Tungumálaverinu borið hlutfallslega lítinn kostnað eða 11% af raunkostnaði, þrátt fyrir að um helmingur nemenda komi frá öðrum sveitarfélögum en Reykjavík. Nauðsynlegt er að færa kostnaðarþáttöku nær raunkostnaði og er þetta skref í þá átt. Hækkun hefði þurft að vera tvöföld sú upphæð sem hér er lagt til, en rétt þykir að framkvæma hækkun í áföngum.

Greinargerð

Tungumálaver hefur verið starfrækt frá 2002 í Laugalækjarskóla. Stjórnandi versins var forstöðumaður Tungumálaversins í 80% starfi deildastjóra til haustsins 2018 er það var flutt til Miðju máls og læsis. Í sænsku er einn í 50% stöðu grunnskólakennara og 50% stöðu kennsluráðgjafa. Í norsku er einn í 50% stöðu grunnskólakennara og 50% stöðu kennsluráðgjafa. Í pólsku er einn í 40% stöðu grunnskólakennara og 40% stöðu kennsluráðgjafa. Fjórir stundakennarar eru alls við kennslu.

Kennsla fer fram í fjarkennslu og staðkennslu. Sænska og norska eru skyldunámsgreinar samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla en frá árinu 2009 hófst kennsla í pólsku í tungumálaverinu. Að jafnaði hafa tæplega 400 nemendur notið þjónustu frá Tungumálaverinu bæði í formi kennslu og kennsluráðgjafar. Um 48% nemenda komu frá öðrum sveitarfélögum og 52% voru með lögheimili í Reykjavík.

Af þeim stunduðu um 30% nemenda nám í norsku, 50% stunduðu nám í sænsku og um 20% nemenda í pólsku. Af þeim nemendum sem stunduðu pólsku komu 67% þeirra frá Reykjavík.

Mjög metnaðarfullt starf hefur verið unnið í Tungumálaverinu frá byrjun sem er til fyrirmyndar og undir faglegrri stjórn. Frá og með hausti 2017 gat Laugalækjarskóli ekki hýst Tungumálaverið vegna fjölgunar nemenda í skólanum. Þau sveitarfélög sem kaupa þjónustu af Tungumálaverinu bera hlutfallslega lítinn kostnað eða 11% af raunkostnaði, þrátt fyrir að um helmingur nemenda komi frá öðrum sveitarfélögum en Reykjavík.

Starf Tungumálavers var sameinað starfsemi MML í ágúst 2018 og er staðsett í

Háaleitisskóla/Hvassaleiti, þar sem miðlæg þjónusta er fyrir Reykjavík í heild.

Starf Miðju máls og læsis hefur verið eftirfarandi frá ágúst 2018:


Ráðgjöf við læsi og málþroska (óbreytt stöðugildi).

Kennsla í pólsku, norsku og sænsku fyrir Reykjavík og önnur sveitarfélög í stað- og fjarnámi (óbreytt stöðugildi).

Brúarsmiðir (óbreytt stöðugildi).

Samstarf við pólska skólann og Móðurmálsamtökin

Virðingarfyllst

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Helgi Grímsson', with a long horizontal flourish extending to the right.

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs